

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, fimmtudaginn 30. janúar var haldinn 426. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 7:42. Mættir: Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Elísabet Berglind Sveinsdóttir Kópavogi og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi. Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 16. janúar sl. þar sem fram kemur að á fundi bæjarstjórnar 15. janúar 2025 hafi verið samþykkt að Jóhanna Erla Guðjónsdóttir taki sæti varamanns í stað Valdimars Víðissonar í samstarfsnefnd skíðasvæðanna.

2. Rætt um rekstrarstöðu sl. árs í Bláfjöllum.

Fjármálastjóri Andrés B Andreassen tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

- kl. 07:45 tekur Þorvaldur Daníelsson formaður sæti á fundinum með rafrænum hætti.

3. Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 28. janúar 2025 varðandi stöðuna í fjöllum. Fyrsti opnunardagur vetrarins var 21. desember og hefur verið opið í 15 daga. Fjöldi gesta í lyftur er 39.405 og 927 á göngusvæði. Beinar tekjur frá áramótum eru 69.7 mkr. og fer veturinn vel af stað. Gjaldskrá áætlunarrútu í Bláfjöll var lækkuð úr 4.000 kr. í 2.000 kr. Við það stóraukist aðsóknin í rúturnar eða um 260% borið við sama tímabil í fyrra.

Fundi slitið kl. 08:35.

Kristín Thoroddsen

Þorvaldur Daníelsson
Elísabet Berglind Sveinsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson